

DV



SJÓNTARPIÐ

- 14.00 **Heimsmeistararnót í 10 döns-um.** Sýnt frá keppinni sem fram fór í Zürich í byrjun mánaðarins.
- 15.00 **Íþróttir.** M. a. bein útsending frá Íslandsmóti í handknattleik. Einnig verður greint frá úrslitum dagsins héraendis og erlendis.
- 18.00 **Dvergarikið (18)** (La Llamada de los Gnomos). Spænskur teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir.
- 18.25 **Bangsi bestaskinn** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 18.50 **Táknmalísfréttir.**
- 18.55 **Háskaslóðir** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
- 19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
- 20.30 **Lottó.**
- 20.35 **'89 á Stöðinni.** Ásifréttabáttur í umsjá Spaugstofunnar. Stjórnum upptöku Tagé Ammendrup.
- 20.50 **Stúfur** (Sorry). Breskur gamanmyndaflokkur með Ronnie Corbett í hlutverki Timothy Lumsden sem er piparsveinn á fimmtugsaldri en býr ennþá hjá móður sinni. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
- 21.20 **Fólkið í landinu.** Skáleyja bræður. Bræðurnir Eysteinn og Jóhannes Gíslasynir sóttir heim í Skáleyja í Breiðafirði. Umsjón Ávar Kjartansson.
- 21.40 **Mörðingjar meðal vor.** Seinni hluti. Bresk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum. Leikstjóri Brian Gibson. Aðalhlutverk Ben Kingsley. Þýðandi Óskar Ingimarsen.
- 23.20 **Max Havelaar** (Max Havelaar). Hollensk bímynd frá 1978. Leikstjóri Fons Rademakers. Aðalhlutverk Peter Faber, Sacha Buihous og Elgard Mohanad. Myndin gerist seint á 19. öld og segir frá hollenskum stjórnaerindreka sem er sendur til Indónesíu til að stilla til friðar. Þýðandi Ingi Karl Jóhannesson.
- 2.00 **Útvarpsfréttir í dagskrárlök.**



- 9.00 **Með Áfa.** Það er glatt á hjalla hjá Áfa í dag, hann rifjar upp skemmtilega atburði frá liðnum tíma, segir okkur sögur, leikur láttbragðsleik og margt fleira skemmtilegt. Auðvitað gleymir Áfi ekki að sýna ykkur teiknimyndirnar Amma, Grimms-ævintýri, Blöfarnir, Snorkarnir og nýju teiknimyndina Skollasögur.
- 10.30 **Henderson-krakkarnir.** Ástralskur framhaldsflokkur um systkinin Tam og Steve sem nú eru flutt til borgarinnar. Áttundi þáttur af töl.
- 10.55 **Sigurveggarar.** Winners. Sjálfstæður ástralskur framhaldsflokkur í átta hlutum. Sjötti þáttur.
- 11.15 **Fréttagrip vikunnar.** Samantekt á fréttum síðastliðinnar viku. Þessar fréttir eru einnig fluttar á táknmáli. Stöð 2 1989.
- 12.15 **Fjalakötturinn.** Kvikmyndaklúb-ur Stöðvar 2. Dagbók herbergisþernu. Diary of a Chambermaid. Dagbókin fannst við hlið vonbiðils herbergisþernunnar þar sem hann lá örendur í moldarflagi. Þernan hafði skráð niður allt sem á daga hennar dreif frá því hún hóf störf hjá auðugri, franskri fjölskyldu. Aðalhlutverk: Paulette Goddard, Hurd Hatfield og Francis Lederer. Leikstjóri Jean Renoir.
- 13.40 **Bilapáttur Stöðvar 2.** Endurtekinn þáttur.
- 14.10 **Dömsorð.** Verdict. Paul Newman leikur hér lögræðing sem misst hefur tókin á starfi sínu vegna áfengisdrykkju. Aðalhlutverk: Paul Newman, Charlotte Rampling, Jack Warden og James Mason. Leikstjóri: Sidney Lumet.
- 16.15 **Falcon Crest.** Bandarískur framhaldsflokkur.
- 17.05 **Íþróttir á laugardegi.** Meðal annars verður lítið yfir íþróttir helgarinnar, úrslit dagsins kynnt o.fl. skemmtilegt. Umsjón: Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.
- 19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttatréttum.
- 20.00 **Hellsabælið í Gervahverfi.** Grænsþúpaopera um ástir og örlög í heilbrigðisgeiranum. Sjötti þáttur af átta.
- 20.30 **Manhattan.** Aðalhlutverk: Woody Allen, Diane Keaton, Michael Murphy, Mariel Hemingway og Meryl Streep.
- 22.10 **Undirheimar Miami.** Miami Vice. Aðalhlutverk: Don Johnson og Philip Michael Thomas.
- 23.05 **Höggull þjófur.** Moltke. Aðalhlutverk: Götz George og Eberhard Feik. Bönnuð börnum.
- 0.35 **Kleopatrá Jóns leysir vandann.** Cleopatra Jones and the Casino of Gold. Aðalhlutverk: Tamara Dobson, Stella Stevens, Tanny

- og Norman Fell. Stranglea bönnuð börnum.
- 2.10 **Sælurikið.** Heaven's Gate. Evrópskir landnemar eiga í höggi við land- og búfjáreigendur í villta vestrinu. Aðalhlutverk: Kris Kristofferson, Christopher Walken, Sam Waterson, Brad Dourif, Isabelle Huppert, Jeff Bridges, John Hurt og Joseph Cotton. Leikstjóri: Michael Cimino. Stranglea bönnuð börnum.
- 4.40 **Dagskrárlök.**



Rás 1
FM 92,4/93,5

- 6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Guðmundur Óskar Ólafsson flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Góðan dag, góðir hlustendur.** Pétur Pétursson sér um þáttinn. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá lesin dagskrá og veðurfregnir sagðar kl. 8.15. Að þeim loknum heldur Pétur Pétursson áfram að kynna morgunlögin.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Litli barnatíminn á laugardegi** – Vetrarsögur. Umsjón: Sigur- laug M. Jónsdóttir. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Píanósónata nr. 13 í Es-dúr** eftir Ludwig van Beethoven. Emil Gilels leikur á píanó.
- 9.40 **Þingmál.** Umsjón: Arnar Páll Hauksson.
- 10.00 **Fréttir.**
- 10.03 **Hlustendabjónustan.** Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Rásar 1, Rásar 2 og Sjóntarvipsins.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.30 **Vikulok.** Umsjón: Einar Kristjánsson og Valgerður Benedikts- dóttir. (Tilkynningar kl. 11.00.)
- 12.00 **Tilkynningar.**
- 12.10 **A dagskrá.** Lítið yfir dagskrá laugardagsins í Útvarpinu.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 13.00 **Hér og nú.** Fréttabáttur í vikulok- in.
- 14.00 **Leslampinn.** Þáttur um bók- menntir Umsjón: Friðrik Rafns- son.
- 15.00 **Tónelfur.** Brot úr hringiðu tón- listarlífsins í umsjá starfsmanna tónlistardeildar og samantekt Bergþóru Jónsdóttur, Péturs Grétarssonar og Guðmundar Emilssonar.
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.05 **Íslenskt mál.** Gunnlaugur Ing- ólfsson flytur þáttinn. (Einnig útvarpað á mánudag kl. 9.30.)
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.30 **Dagskrárlögin í eina klukk- und.** Svavar Gestsson mennta- málaráðherra.
- 17.30 **Stúdíó 11.** Sigurður Einarsson kynnr nýlegar tónlistarupptökur Útvarpsins.
- 18.10 **Gagn og gaman.** Þáttur um börn og bækur. Umsjón: Silja Aðalsteinsdóttir.
- 18.35 **Tónlist.** Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.32 **Ábætur.** Nat King Cole og Eartha Kitt syngja.
- 20.00 **Litli barnatíminn – Vetrarsögur.** Umsjón: Sigurlaug M. Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Visur og þjóðlög.**
- 21.00 **Gestastofan.** Finnabogi Her- mannsson tekur á móti gestum á Ísafirði. (Frá Ísafirði)
- 22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfregnir.**
- 22.20 **Dansað með harmóníkuunn- endum.** Saumastofufundansleikur í Útvarps húsinu. Kynnr: Hermann Ragnar Stefánsson.
- 23.00 **Góðvinafundur.** Endurnýjuð kynni við gesti á góðvinafundum í fyrirvetur. (Endurtekinn þáttur frá fyrirvetri.)
- 24.00 **Fréttir.**
- 0.10 **Um lágnættið.** Sigild tónlist undir svefninn.
- 1.00 **Veðurfregnir.**
- 1.10 **Naturútvarp á báðum rásum til morguns.**



FM 90,1

- 8.05 **Á nýjum degi** með Margréti Blöndal. (Frá Akureyri)
- 10.03 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnr dagskrá Rásar 1, Rásar 2 og Sjóntarvipsins.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
- 13.00 **Ístoppurinn.** Óskar Páll Sveins- son kynnr. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt.)
- 14.00 **Klukkan tvö á tvö.** Ragnhildur Arnjótisdóttir og Rósa Ingólfs- dóttir.
- 16.05 **Söngur villandarrinnar.** Einar Kárasen leikur íslensk dægurlög frá fyrri tíð.
- 17.00 **Fyrirmyndarfólk** litur inn hjá Lisu Pálsdóttur, að þessu sinni Þorgeir Þorgeirsson rithöfundur.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Blágresið blíða.** Þáttur með bandarískri sveita- og þjóðlaga- tónlist, einkum blugrass- og sveitarokk. Umsjón: Halldór Hall-

dórsson. (Einnig útvarpað í Næt- urútvarpi aðfaranótt laugardags.)

- 20.30 **Slægur fer gaur með gígju.** Magnús Þór Jónsson rekur feril trúbadúrsins Bobs Dylan. (Sjötti þáttur endurtekinn frá síðasta sunnudegi á Rás 2.)
- 21.30 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
- 22.07 **Þitið aftan hægra.** Lisa Páls- dóttir.
- 2.00 **Naturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

- 2.00 **Fréttir.**
- 2.05 **Ístoppurinn.** Óskar Páll Sveins- son kynnr. (Endurtekinn frá deg- inum áður.)
- 3.00 **Rokksmíðan.** Sigurður Sverris- son. (Endurtekið úrval frá fimmtudagskvöldi.)
- 4.00 **Fréttir.**
- 4.05 **Undir væðarvoð.** Ljóf lög und- ir morgun. Veðurfregnir kl. 4.30.
- 5.00 **Fréttir af veðri, færð og flugs- amgöngum.**
- 5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
- 6.00 **Fréttir af veðri, færð og flugs- amgöngum.**
- 6.01 **Al gömlum listum.** Lög af vin- sældalistum 1950–1989.
- 7.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum átt- um. (Frá Akureyri) (Endurtekið úrval frá sunnudegi á Rás 2.)
- 8.07 **Söngur villandarrinnar.** Einar Kárasen kynnr íslensk dægurlög frá fyrri tíð. (Endurtekinn þáttur frá laugardegi.)



- 8.00 **Þorsteinn Ásgeirsson** vaknar og heilir upp á með hlustendum. Kaffið og góða tónlistin í rúmið. Íþróttaviðburðir helgarinnar teknir fyrir og fróðlegt ryksugu- spjall.
- 13.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson og íþróttaviðburðir helgarinnar.**
- 19.00 **Agúst Héðinnsson** með öll uppá- haldslögin. Íslensk tónlist og tónlist sem allir þekkja.
- 22.00 **Halþór Freyr Sigmundsson á naturvakt.**
- 2.00 **Dagskrárlök.**



- 10.00 **Kristófer Helgason.**
- 14.00 **Ólfrín Marín.**
- 17.00 **Bjarni Haukur** kynnr 30 vinsæl-ustu lögin á Íslandi. Íslenski list- inn er eini sinnar tegundar á landinu.
- 19.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.** Hann kemur þér í rétt laugar- dagsskap með réttu tónlistinni. Allt það nýjasta í nýbligið upp- innu og hipp hoppinu hjá Þor- steini.
- 22.00 **Arnar Kristjánsson.** Hann er blár og gulur 24 tíma sólarhrings. Síminn er 622939.
- 24.00 **Bein útsending úr vinsælasta diskóteki landsins.** Við sendum út þriggja tíma tónlistardagskrá sem er engri annarri lík.
- 3.00 **Arnar Albertsson** er með allt á hreinu. Síminn er 622939.

ADALSTÖÐIN
FM 90,9

- 10.00 **Adalstöðin fm 90.9** Byður góðan dag
- 13.00 **Anna Björk Birgisdóttir** tekur til við hringingningarnar með skemmtilegu fólki. Fylgstu með.
- 16.00 **Bjarni Dagur Jónsson.** Með öll bestu kántrilögin við höndina. Sitthvað er Bjarni með til fróð- leiks og skemmtunar. Réttur maður með hattinn og í stigvél- um.
- 19.00 **Darri Ólason** með laugardags- kvöldið á hreinu fyrir ykkur. Hugguleg tónlist og létt um- ræða.
- 22.00 **Jón Axel Ólafsson** sér um sína eins og alltaf. Laugardags- kvöld tekin með ró, rokki og létt- um söng.



- 12.00 **FÁ.**
- 14.00 **FG.**
- 16.00 **IR.**
- 18.00 **MH.**
- 20.00 **MS.**
- 22.00 **FB.**
- 24.00 **Naturvakt í umsjón IR.** Óskalg & kveður, sími 680288.
- 4.00 **Dagskrárlök.**



- 8.00 **Björn Þór Sigurbjörnsson.**
- 12.00 **Haraldur Guðmundsson.**
- 15.00 **Nökkvi Svavarsson.**
- 18.00 **Páll Sævar Guðjónsson.**
- 22.00 **Árni Vilhjálmur Jónsson.**
- 3.00 **Arnar Þór Óskarsen.**



- 5.00 **Poppþáttur.**
- 6.00 **Gríníðan.** Barnaþættir.
- 10.00 **Trans World Sport.** Íþróttabátt- ur.
- 11.00 **Veröld Frank Bough's.** Hei- mildamynd.
- 12.00 **Jameson's Week.** Rabbþáttur.
- 13.00 **Fjölbregðaglima (Wrestling).**
- 14.00 **The Bionic Woman.** Spennu- myndaflokkur.
- 15.00 **50 vinsælustu lögin.**
- 16.00 **Dolly.** Tónlistarþáttur.
- 17.00 **Halloween with the Adams Family.** Kvikmynd.
- 19.00 **Gledon's Trumpet.** Kvikmynd.
- 21.00 **Fjölbregðaglima. (Wrestling)**
- 22.00 **Fréttir.**
- 22.30 **Poppþáttur.**



- 13.00 **Wind in the Willows.**
- 15.00 **Watership Down.**
- 17.00 **Labyrinth.**
- 19.00 **Black Widow.**
- 21.00 **Day One, part 2.**
- 22.45 **Reform School Girls.**
- 00.30 **Aliens.**
- 03.00 **The Woman in Red.**




- 9.30 **Siglingar.** Aðmíralakeppnin.
- 10.00 **Kappakstur.** Keppni í Tékkósló- vaklu.
- 11.00 **Hafnabolti.** Keppni atvinnu- manna í Bandaríkjunum.
- 12.00 **Golf.** Volvo Masters á Valderr- ama golfvælinum á Spáni.
- 14.00 **Tennis.** Keppni atvinnumannna í Belgíu.
- 16.00 **Trans World Sport.** Fréttat- engdur íþróttabáttur.
- 17.00 **Kappakstur.** The World Individual Final í München.
- 18.00 **Rugby.** Keppni milli Skotlands og Fíjeyja.
- 19.00 **Tennis.** Keppni atvinnumannna í Belgíu.
- 21.00 **Golf.** Volvo Masters á Valderr- ama golfvælinum á Spáni.
- 23.00 **Rugby.** Keppni milli Stóra- Bret- lands og Nýja-Sjálands.



- 5.00 **Teiknimyndir.**
- 10.00 **Tónlist og tíska.**
- 11.00 **Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.
- 12.30 **Tónlist og tíska.**
- 13.00 **Charlie Chaplin.**
- 13.30 **Poppþáttur.**
- 14.30 **The Big Valley.** Vestramynd- aflokkur.
- 15.30 **Dick Powell Theatre.**
- 16.30 **Evrópulístin.** Poppþáttur.
- 17.30 **Íþróttir.**
- 19.30 **Snóker.**
- 20.30 **Letter of Introduction.** Kvik- mynd.
- 22.30 **P.S.I Factor.** Kvikmynd.

Laugardagur 28. október



Pétur Grétarsson og Bergþóra Jónsdóttir, tveir af þremur samantektarmönnum Tónelfar.

Rás 1 kl. 15.00:

Tónelfur, brot úr hringiðu tónlistarlífsins

Í vetur verður fastur liður á laugardögum Tónelfur, brot úr hringiðu tónlistarlífsins. Tónelfur er í umsjá allra starfs- manna Tónlistardeildar Útvarpsins, enda verður þar leikin tónlist af öllu tagi.

Í Tónelfi verður fjallað um hvaðeina er viðkemur tónlist. Þar verður skýgnt inn í hljóðheiminn, fjallað um það nýjasta í tónvísindum, mál dagsins verður borið upp, fjallað um helstu viðburði tónlistarlífsins, gestir koma í heimsókn, sagt verður frá tónlist ólíkra menningarsvæða og fréttarit- ari Tónlistardeildar úr grátri fornescju lætur í sér heyra.

Auk þessa verður hlustendum boðið að taka þátt í tónlist- argetraun. Samantekt Tónelfar annast þau Bergþóra Jóns- dóttir, Pétur Grétarsson og Guðmundur Emilsson.

Sjónvarp kl. 21.20 – Fólkið í landinu:

Skáleyjabræður

Úti í Skáleyjum á Breiðafirði búa bræðurnir Eysteinn og Jóhannes Gíslasynir félagsbúi. Stunda þeir bræður jöfnum höndum hefðbundinn búskap og hlunnindabúskap sem nú er mjög tekinn að glata mikilvægi sínu í búhátum héraend- is frá því sem áður var.

Sjónvarpsmenn sóttu þá Eysteinn og Jóhannes heim í júní í sumar og fylgdu með bústörfum úti í eyjunum um sólar- hrings skeið. Í forsvari fyrir sjónvarpsmönnum var útvarps- maðurinn góðkunnur. Ávar Kjartansson. Tók hann þá bræð- ur tali og fékk að spreya sig á ýmsum búverkum er ekki verða talin hversdagsleg í dag, til dæmis fjárflutningum í bát. Einnig kemur í ljós í þættinum hvernig Ávari smakk- aðist selskjótið er þeir Skáleyjabændur gæddu gestum sín- um á.

Sjónvarp kl. 23.20:

Max Havelaar

Hollenskar kvikmyndir eru fáséðar, bæði í sjónvarpi sem og í kvikmyndahúsum. Samt er það nú svo að í Hollandi stendur kvikmyndagerð á traustum grunni þótt ekki sé hún fyrirferðarmikil á alþjóðamarkaði. Max Havelaar er nærri þriggja tíma kvikmynd sem gerð var 1976 í samvinnu við Indónesía en þar gerist kvikmyndin.

Max Havelaar er hollenskur ríkisstarfsmaður sem kemur til Java til að taka við störfum stjórnaerindreka. Fyrir- rennari hans hafði dáið á dulfullan hátt. Mikil ókyrrð er meðal íbúa eyjarinnar og þótt viljann vanti ekki mistakast tilraunir Havelaars til að stilla til friðar. Leikstjóri er Fons Rademakers.

Þess má geta að í myndinni koma fyrir atriði sem sýna misþyrmingar og manndráp og eru ekki við hæfi barna og viðkvæms fólks.

-HK

Stöð 2 kl. 20.30:

Manhattan

Manhattan er ein af fáum kvikmyndum snillingsins Wo- ody Allen sem ekki er gamanmynd. Í Manhattan semur hann dýrðaróð til uppáhaldsborgar sinnar, New York, og þá sérstaklega kjarna hennar, Manhattan.

Allen leikur sjálfur aðalhlutverkið, vinsælan handrits- höfund sem hefur sagt starfi sínu lausu svo hann geti skrif- að skáldsögu. Ekki gengtur honum vel með söguna því mest- ur hans tími fer í að reyna að koma reglu á sitt eigið tilfinn- ingalíf og sérstaklega sambönd sín við konur.

Honum gengur ekki alltof vel í þeim efnum. Eiginkona hans er nýbúin að yfirgefa hann fyrir annan kvenmann sem hún er farin að búa með og hefur tekið son þeirra með sér. Ekki hefur það betri áhrif að hann á í ástarsambandi við unga stúlku sem hann telur alltof unga fyrir sig, og til að fullkomna ruglinginn hittir hann ofmenntaða og sjálfum- glaða blaðakonu sem getur vel hugsað sér að standa í ástar- sambandi við hann...

Manhattan er gerð 1979 og er í svarthvítu. Að venju hefur Allen úrvalslög leikara með sér, má þar nefna leikurnar þrjár Mariel Hemmingway, Diane Keaton og Meryl Streep er leikur eiginkonu hans.

-HK

Þú hringir...
Við birtum...
Það ber árangur!

Smáauglýsingagæðin er í þverholti 11

Opið: Mánudaga-föstudaga, 9.00–22.00
laugardaga, 9.00–14.00
sunnudaga, 18.00–22.00